


Hver eru þín forréttindi?



- Ég er fædd/ur og uppalin/n á Íslandi
- Ég er hvít/ur
- Ég hef aldrei verið áreitt/ur vegna húðlitar míns
- Hreimur minn hefur aldrei verið aðhlátursefni annarra
- Ég hef aldrei orðið fyrir ofbeldi vegna kynþáttar eða húðlitar
- Ég get verið viss um að ég fái reglulega námsefni sem fjallar um fólk með sama húðlit eða uppruna og ég
- Ég get farið að versla með vinum/vinkonum með sama húðlit og ég án þess að afgreiðslufólk fylgist sérstaklega með okkur
- Ég get auðveldlega keypt póstkort, málverk, myndabækur, dúkkur og leikföng sem sýna fólk með minn húðlit eða af mínum uppruna
- Ég er gagnkynhneigð/ur
- Ég hef aldrei logið til um eða leynt kynhneigð minni
- Ég þarf ekki að tilkynna kynhneigð mína sérstaklega
- Ég þarf ekki að efast um að fjölskylda mín samþykki kynhneigð mína
- Ég er viss um að bekkjarfélögum mínum og vinum þykir kynhneigð mín í lagi
- Ég get auðveldlega fundið kynfræðsluefni fyrir fólk með mína kynhneigð
- Ég þarf ekki að óttast að fólk áreiti mig vegna kynhneigðar minnar
- Það hversu mikið eða lítið karlmannleg/ur eða kvenleg/ur ég kýs að vera er ekki sett í samhengi við kynhneigð mína
- Ég hef aldrei orðið fyrir áreiti eða ofbeldi vegna kynhneigðar minnar
- Ég samsama mig við það líffræðilega kyn sem ég fékk úthlutað við fæðingu
- Ég hef aldrei verið hrædd/ur við að ganga ein/n í myrkri
- Ég hef aldrei upplifað kynferðislegt áreiti s.s. óvelkomnar athugasemdir um kynþokka minn eða óviðeigandi snertingar eins og klapp á rass
- Ég hef aldrei orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi
- Þegar ég fer út á vinnumarkaðinn er líklegt að atvinnurekendur bjóði mér hærri laun heldur en samstarfsmanni mínum af gagnstæðu kyni
- Þegar fjallað er um sögu okkar og þjóðmenningu er sagt frá því að fólk af mínu kyni hafi skapað hana
- Það eru miklu minni líkur á því að ólyfjan verði sett í drykk minn heldur en manneskju af gagnstæðu kyni
- Þegar ég var lítið barn var talið eðlilegt að ég snerti og kannaði kynfæri mín eins og ég vildi
- Nafn kynfæra minna er ekki notað sem skammaryrði
- Þó ég eignist marga rekkjunauta þarf ég ekki að óttast að verða lítillækkuð/aður og kölluð/aður hóra, drusla eða dræsa

- Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að klæðnaður minn þyki of sexý miðað við aðstæður
- Geta mín til að taka mikilvægar ákvarðanir og hæfi mitt almennt séð er aldrei dregið í efa út frá því hvaða tími mánaðarins er
- Ég get verið ákveðin/n og fylgin/n mér án þess að eiga á hættu að vera kölluð/aður frekja eða tík
- Fólk sem ég kyssi eða stunda kynlíf með þarf yfirleitt ekki að efast um kynhneigð sína vegna þess
- Ég get gengið að því sem vísu að finna fata- og sturtuklefa við mitt hæfi á sundstöðum, gufuböðum og heilsulindum
- Fólk spyr mig ekki hvert „alvöru“ nafnið mitt er
- Foreldrar mínir eru gagnkynhneigðir
- Ég hef aldrei lifað undir fátækramörkum
- Ég hef aldrei þurft að hafa áhyggjur af því hvort til séu peningar á heimilinu sem duga út mánuðinn
- Foreldrar/forráðamenn mínir geta keypt helstu nauðsynjar fyrir fjölskylduna
- Ég hef aldrei farið að sofa svöng/svangur af því að það voru ekki til peningar fyrir mat
- Ég get stundað íþóttir og tólmstundir ef ég vil
- Ég get boðið öðrum börnum heim til mín
- Ég hef alltaf getað haldið upp á afmælið mitt
- Ég get farið í leikhús, á tónleika eða í bíó án þess að hafa áhyggjur af aðgengi/ því hvort ég komist inn í salinn
- Það þykir sjálfsagt að ég ákveði sjálf/ur hvenær ég fer í bað, hvenær ég fer á fætur, hvenær ég háttu mig og með hverjum ég bý
- Ég get auðveldlega orðið mér úti um félagsskap fólks sem hefur svipaða líkamlega færni og ég
- Skólakerfið kynnir fyrir mér fyrirmyndir sem eru með svipaða líkamlega færni og ég
- Fólk lítur á mig sem kynveru
- Fólk hrósar mér ekki sérstaklega fyrir að gera eitthvað sem aðrir fá ekki hrós fyrir s.s að taka strætó, mæta á ball eða eiga vini
- Ég get keypt mér óhollan mat án þess að fá augnarráð eða athugasemdir frá fólki í kringum mig
- Ég get gengið að því sem vísu að fá föt sem passa á mig í flestum fataverslunum
- Ég er ekki álitin/n löt/latur út frá líkamlegu útliti
- Ég er ekki álitin/m með lélega sjálfstjórn út af líkamlegu útliti